

**Fundargerð 78. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamáli**  
**Fundur haldinn á Teams, 7. febrúar 2022, kl. 13:00**

**Dagskrá:**

1. Áhersluverkefni landshluta (frá höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra)
2. Fundur með landshlutasamtökum sveitarfélaga og sérfræðingum umhverfis- og auðlindaráðuneytis 25. janúar sl.
3. Byggðaáætlun – staðan
4. Önnur mál

**Mættir:** Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Bryndís Eiríksdóttir (MAR, fór 14:09), Bryndís Þorvaldsdóttir (HRN), Elísabet Linda Þórðardóttir (DMR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Magnús Örn Agnesar Sigurðsson (URN), Pétur Berg Matthíasson (FOR), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu), Þórarinn Sólmundarson (HVIN), Eyþór Björnsson (landshlutasamtökunum, kom inn á fundinn eftir fyrsta lið á dagskrá), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Sigríður K. Þorgrímsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

**Fjarverandi:** Andri Júlíusson (UTN), Anna Katrín Einarsdóttir (HVIN), Árni Freyr Stefánsson (IRN), Baldur Þ. Guðmundsson (MVF).

Formaður setti fund. Því næst var gengið til dagskrár.

**Umfjöllun og afgreiðsla:**

**1. Áhersluverkefni landshluta (frá höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi eystra)**

Farið var yfir fimm af sex áhersluverkefnum frá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH) og tíu frá Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE). Tvö verkefni SSH voru staðfest, eitt er framhaldsverkefni sem áður hefur verið staðfest, en staðfestingu þriggja var frestað til að viðeigandi ráðuneyti fái svigrúm til nánari skoðunar. Átta af tíu verkefnum SSNE voru staðfest, staðfestingu tveggja verkefna var frestað til nánari skoðunar viðeigandi ráðuneyta.

**2. Fundur með landshlutasamtökum sveitarfélaga og sérfræðingum umhverfis- og auðlindaráðuneytis 25. janúar sl.**

Á fundum stýrihópsins og landshlutasamtakanna sl. haust var mikið rætt um málaflokka sem heyra undir UAR og hafði fulltrúi þess í stýrihópnum frumkvæði að því að boða fund með landshlutasamtökunum og sérfræðingum ráðuneytisins, ásamt formanni og verkefnisstjóra stýrihópsins. Magnús sagði frá fundinum og sagði hugmyndina með honum vera þá að gott geti verið fyrir hin ýmsu ráðuneyti að halda fundi með landshlutasamtökunum um ákveðin málefni, líka í tengslum við það þegar verið er að ákveða áhersluverkefni sóknaráætlana. Á slíkum fundi fá fulltrúar landshlutasamtakanna tækifæri til að hitta sérfræðinga ráðuneytanna. Slíkt bætir og eflir samtal og samstarf. Magnús kvaðst áhugasamur um að halda slíkum fundum áfram.

**3. Byggðaáætlun – staðan**

Formaður fór yfir stöðu mála varðandi vinnu við endurskoðun byggðaáætlunar og minnti á að breytingatillögur frá ráðuneytum þurfa að berast fyrir 11. febrúar. Áætlað er að þingsályktunartillaga verði lögð fram á Alþingi fyrir lok mars.

#### **4. Önnur mál**

Formaður minnti á fyrirhugaðan fund með Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) sem haldinn verður í Borgarnesi fimmtudaginn 24. febrúar.

Næsti fundur er skv. áætlun mánudaginn 7. mars 2022, en mögulega þarf að færa þann fund til.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:12